

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2023/585**

2023/EES/79/15

frá 15. mars 2023

**um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1452 um leyfi fyrir 3-etylþýklópentan-1,2-díóni, 4-hýdroxý-2,5-dímetylúrán-3(2H)-óni, 4,5-dihýdró-2-metylúrán-3(2H)-óni, evgenóli, 1-metoxý-4-(próp-1(trans)-enýl)benseni,  $\alpha$ -pentýlsinnamaldehyði,  $\alpha$ -hexýlsinnamaldehyði og 2-asetýlpýridíni sem fóðurukefni fyrir tiltekna dýrategundir (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í föðri <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Notkun á evgenóli og 1-metoxý-4-(próp-1(trans)-enýl)benseni sem fóðurukefni var leyfð til 10 ára fyrir tiltekna dýrategundir með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1452 <sup>(2)</sup>.
- 2) Í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1452 visar tilgreiningin varðandi framleiðsluáðferð fyrir ofangreind tvö aukefni ranglega einungis til framleiðslu með efnasmíði þótt hún ætti, ef um er að ræða evgenól, einnig að vísa til útdráttar úr negul eða negulolíu og, ef um er að ræða 1-metoxý-4-(próp-1(trans)-enýl)bensen, til útdráttar úr furuolíu.
- 3) Því ætti að leiðrétta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1452 til samræmis við það.
- 4) Í því skyni að koma í veg fyrir röskun á setningu viðkomandi fóðurukefna á markað vegna villnanna í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1452 ætti þessi reglugerð að öðlast gildi sem fyrst.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og föður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Að því er varðar færsluna fyrir aukefnið evgenól, sem er tilgreint sem 2b04003 í dálknum „Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð“ í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1452 kemur eftirfarandi í stað orðanna „Framleitt með efnasmíði“: „Framleitt með efnasmíði eða með útdrætti úr negul eða negulolíu“.

2. Að því er varðar færsluna fyrir aukefnið 1-metoxý-4-(próp-1(trans)-enýl)bensen, sem er tilgreint sem 2b04010 í dálknum „Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð“ í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1452 kemur eftirfarandi í stað orðanna „Framleitt með efnasmíði“: „Framleitt með efnasmíði eða með útdrætti úr furuolíu“.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 77, 16.3.2023, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 199/2023 frá 22. September 2023 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1452 frá 1. september 2022 um leyfi fyrir 3-etylþýklópentan-1,2-díóni, 4-hýdroxý-2,5-dímetylúrán-3(2H)-óni, 4,5-dihýdró-2-metylúrán-3(2H)-óni, evgenóli, 1-metoxý-4-(próp-1(trans)-enýl)benseni,  $\alpha$ -pentýlsinnamaldehyði,  $\alpha$ -hexýlsinnamaldehyði og 2-asetýlpýridíni sem fóðurukefni fyrir tiltekna dýrategundir (Stjtið. ESB L 228, 2.9.2022, bls. 17).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. mars 2023.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---